

# Fundargerð 57. fundar

## félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 10. nóvember kl. 11:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### **1. Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni - húsnæðissjálfsseignarstofnun - 2109031SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað um samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur unnið að verkefnum sem snúa að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni en sveitarfélög á landsbyggðinni standa frammi fyrir miklum áskorunum við þróun húsnæðismarkaðar. HMS hefur kynnt fyrir sveitarfélögum hugmynd að nýrri húsnæðissjálfsseignarstofnun (hses) sem starfi á landsbyggðinni með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu almennra íbúða þar sem þess er þörf utan höfuðborgarsvæðis og vaxtarsvæða. Þessi nýja húsnæðissjálfsseignarstofnun verði samstarfsverkefni sveitarfélaga þannig geti náðst stærðarhagkvæmni með því að sameinast um uppbyggingu og rekstur íbúðanna. Leitað var eftir viðbrögðum frá sveitarfélögum um þátttöku í stofnun hses og taka flest jákvætt í hugmyndina.

*Sambandið mun kynna Húsnæðis- og mannvirkjastofnun viðbrögð þeirra sveitarfélaga sem hafa svarað erindinu og eiga samráð við stofnunina um næstu skref í málinu.*

### **2. Þjónusta sveitarfélaga við gerendur ofbeldis. - 2011021SA**

Í febrúar 2020 kom út skýrsla starfshóps Félagsmálaráðuneytisins sem vann að tillögum um fjölbreyttari úrræði fyrir gerendur í ofbeldismálum. Í skýrslunni kemur fram að félagsþjónusta sveitarfélaga veiti gerendum ýmis stuðningsúrræði sem þyrfti að fá nánari skýringu á. Félagsþjónusta sveitarfélaga býður upp á félagslega ráðgjöf en ekki sérhæfða þjónustu eða meðferð fyrir gerendur ofbeldis enda eru slík úrræði ekki á ábyrgð sveitarfélaga.

*Nefndin leggur til að starfsmenn sambandsins fundi með félagsmálaráðuneytinu og fái nánari upplýsingar um framkvæmd tillaganna og að vekja athygli á að fulltrúi frá sveitarfélögum hafi ekki verið skipaður í starfshópinn. Málið verður tekið aftur fyrir á næsta fundi nefndarinnar.*

### **3. Talmeinaþjónusta við skólabörn. - 2009718SA**

Þjónusta talmeinafræðinga við börn hefur verið í uppnámi undanfarin ár vegna

ákvæða í rammisamning þeirra við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). SÍ hefur ekki viljað hvika frá kröfu um 2ja ára starfsreynslu talmeinafræðinga að loknu námi áður en þeir geta gert sjálfstæðan samning við SÍ. Sú krafa veldur því að börnum fjölgar enn á biðlistum eftir þjónustu talmeinafræðinga og nýútskrifaðir talmeinafræðingar fá ekki nýtt starfskrafta sína og veita þarf fleiri talmeinafræðingum aðgengi að samningi við SÍ. Málið verður rætt á fundum fræðslu- og félagsmálanefnda sambandsins og ályktun send í kjölfarið til heilbrigðis-, félags- og menntamálaráðuneyta.

Fræðslumála- og félagsþjónustunefndir sambandsins skora á heilbrigðisráðherra að stíga inn og leysa þann ágreining sem hefur verið í viðræðum Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og starfandi talmeinafræðinga. Núverandi staða bitnar hart á hagsmunum skólabarna, sem ekki fá nauðsynlega þjónustu. Hratt fjölgar á biðlistum á sama tíma og starfsmöguleikar nýútskrifaðra talmeinafræðinga eru skertir með óraunhæfum kröfum. Fyrir liggur að ríkið hefur horfið frá slíkum kröfum í tilvikum annarra sérfræðistétta og sanngirnismál gagnvart fjölskyldum skólabarna að sama gildi um talmeinafræðinga.

Nefndirnar minna á efni viljayfirlýsingar frá 7. september 2018, um aukið samstarf í þágu barna. Heilbrigðisráðherra ritaði undir þessa yfirlýsingu ásamt fleiri ráðherrum auk sambandsins. Ekki verður annað séð en að framkvæmd SÍ á talmeinaþjónustu við skólabörn vinni þvert gegn þeim markmiðum sem yfirlýsingin stefnir að og sem fest voru í lög um samþættingu þjónustu í þágu barna sem Alþingi samþykkti þann 11. júní sl.

Einboðið er því að horfið verði frá þeim einhliða skilmálum sem SÍ hefur sett fyrir greiðsluhlutdeild í talmeinaþjónustu, einkum því skilyrði að talmeinafræðingur afli sér tveggja ára reynslu áður en kemur til greiðsluhlutdeildar af hálfu ríkisins vegna veittrar þjónustu. Óhjákvæmilegt er að ráðherra taki nú þegar af skarið í þessu efni og setji hagsmuni barnanna í forgang með því að fella út þau skerðingarákvæði sem illu heilli voru sett inn í svokallaðan rammisamning. Ekki má verða frekari dráttur á stefnubreytingu varðandi starfsumhverfi talmeinafræðinga og að sérstaða þessarar mikilvægu þjónustu sé viðurkennd. Hlaupi enn meiri harka í samskiptin munu allir aðilar biða tjón af, börn, fjölskyldur þeirra og skólasamfélagið í heild.

#### **4. Umdæmisráð barnaverndar. - 2104058SA**

Í nýjum og breyttum lögum um barnaverndarlögin er gert ráð fyrir breyttu skipulagi þar sem barnaverndarnefndir eru lagðar niður og við tekur barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar. Þessi breytta skipan tekur gildi í maí á næsta ári. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa verið með til umfjöllunar hjá sér sameiginlegt umdæmisráð og óskuðu eftir að fjallað yrði um umdæmisráð hjá félagsþjónustunefnd sambandsins. Í umdæmi barnaverndarþjónustu og hvers umdæmisráðs skal vera í það minnsta 6.000 íbúar og er ljóst að mörg sveitarfélög þurfa að koma á samstarfi um skipulag þjónustunnar. Umdæmisráðin hafa það hlutverk að kveða upp úrskurði í málum sem barnaverndarþjónustan vísar til þeirra. Fjöldi úrskurða á landsvísu eru um 150-160 á ári og algengt að ekki er kveðinn upp úrskurður nema einu sinni á ári eða sjaldnar í minni sveitarfélögum. Mikilvægt er að umdæmisráð hafi umtalsverðan fjölda mála til umfjöllunar til að viðhalda þekkingu sinni og gæti það verið góður

kostur að umdæmisráðin verði færri en gert er ráð fyrir í lögum.

Nefndin leggur til að sambandið sendi erindi til sveitarfélaga þar sem þau verði hvött til að huga að þeim stjórnslubreytingum sem breytt skipan barnaverndar gerir kröfur um. Jafnframt verði sveitarfélögum tilkynnt um að sambandið stefni að því að halda fræðslu- og kynningarfund fyrir sveitarfélögin í byrjun desember, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið.

#### 5. Innleiðing Signs of Safety - 2110016SA

Kynning frá barnaverndarstofu á innleiðingu Sign of Safety. Starfspróunarsetur BHM hefur veitt styrk að upphæð kr. 58,5 milljónir til að innleiða verklag og hugmyndafræði Signs of Safety í störf félagsráðgjafa og annarra fagstétta í barnavernd og félagsþjónustu. Umsækjendur styrksins voru Barnaverndarstofa, Félagsráðgjafafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga (fyrir hönd sveitarfélaga) með stuðning félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands. Sign of Safety er aðferð sem gengur út á samvinnu kerfa, samvinnu við foreldra og samvinnu við börn í enn frekari mæli en nú er almennt gert í barnavernd og félagsþjónustu sem fellur vel að lögum um samþættingu í þágu farsældar barna. Innleiðing aðferðarinnar sem tekur þrjú ár er leidd af sérfræðingum hjá International Limited - ELIA sem er alþjóðlegur hluti Signs of Safety og mun styrkuppæð BHM dekkja kostnað vegna sérfræðinga frá ELIA og allt námsefni. Sveitarfélög sem taka þátt í innleiðingunni þurfa að gefa starfsmönnum og stjórnendum færi á að taka þátt í innleiðingunni sem gæti haft kostnað í för með sér en með góðu skipulagi og breyttu verklagi væri hægt að draga mjög úr þeim kostnaði. Mikilvægt er að sem flest sveitarfélög sjái sér hag í að innleiða þetta verklag, til lengri tíma litið mun það bæta mjög þjónustu við börn og fjölskyldur.

Fundi var slitið kl. 12:30

---

Friðrik Már Sigurðsson

---

Guðrún Sigurðardóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Rannveig Einarsdóttir

